

8. gr.

Jarðræktardeild skal annast eftirlit með fræi, sem ætlað er til sölu eða ræktunar hér á landi. Trúnaðarmenn jarðræktardeildar taka sýnishorn af fræinu, og skal spirunarhæfni og aðrir eiginleikar þess kannaðir. Til hliðsjónar skal hafa alþjóðareglur um fræeftirlit.

9. gr.

Stöðva skal innflutning á fræi, sé talið, að af því stafi sýkingarhætta eða sé um fræ illgresis og eiturplantna að ræða. Skal það gert í samráði við tollgæzlu og heilbrigðisyfirvöld.

10. gr.

Að lokinni rannsókn samkvæmt 8. gr. gefur jarðræktardeild út vottorð um gæði, (eiginleika, söluhæfni), sáðvörunnar. Skytt er að láta eintak af vottorði þessu fylgja hverri sáðvörusendingu (hverjum poka).

11. gr.

Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal greiða gjald, er nemur tveimur hundraðshlutum af kaupverði vörunnar.

Gjald þetta greiðist Rannsóknastofnun landbúnaðarins gegn afhendingu vottorðs samkvæmt 10. gr.

12. gr.

Innflytjendur fræs, framleiðendur innlends fræs og seljendur þess fræs, sem hefur verið framræktað erlendis, skulu, eftir að uppskeru er lokið að haustinu, tilkynna jarðræktardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins magn væntanlegs fræinnflutnings eða magn fræframleiðslu sinnar, sundurgreint eftir tegundum og stofnum. Skal það gert í síðasta lagi fyrir 1. desember hvers framleiðsluárs.

13. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til innflutnings og verzlunar með blómafræ og matjurtafræ.

Með auglýsingu má fella innflutning þessara frætegunda undir ákvæði reglugerðarinnar.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, lögum nr. 17/1927 og lögum nr. 24 1. febrúar 1936 til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. marz 1971.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak.

1. gr.

Samkvæmt heimild í c. og d. lið 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hefur Fastanefnd

fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi gert ályktun um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak á ákveðnu tímabili. Efni ályktunar þessarar er birt í 3.—6. gr. auglýsingar þessarar.

2. gr.

Með orðinu „samningur“ í auglýsingu þessari er átt við alþjóðasamning um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.

Með orðinu „samningsríki“ er átt við þau ríki, sem aðilar eru að samningnum.

Með orðinu „fastanefnd“ er átt við Fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi, sem starfar samkvæmt samningnum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. marz 1971 til 28. febrúar 1972 er bönnuð síldveiði í Norðursjó og Skagerak í maímánuði og frá 20. ágúst til 30. september að báðum dögum meðtöldum.

4. gr.

Nú tilkynna hlutaðeigandi stjórnarvöld samningsríkis fastanefndinni fyrir 1. júlí 1970, að til þess að komast hjá sérstökum erfiðleikum skuli undanþegnar ákvæðum þessum allt að 1000 smálestir síldar til manneldis eða beitu, og

- a) ná þá undanþáguákvæðin til þess magns, sem samningsríkið hefur tiltekið að því er varðar þegna þess.
- b) Hlutaðeigandi stjórnarvöld samningsríkis skulu tilkynna nefndinni fyrir 1. apríl hvers árs um ráðstafanir þær, sem þau hafa gert eða hyggjast gera til að undanþágan, sem gerð er samkvæmt þessari grein, verði ekki misnotuð.
- c) Nefndin skal tilkynna öllum samningsríkjum hverja þá undanþágu, sem samningsríkin kunna að gera.

5. gr.

Í ályktun þessari merkja orðin Norðursjór og Skagerak öll hafsvæði, sem samningurinn tekur til og afmarkast að norðan af 62° norðurbreiddar, að vestan af 4° vesturlengdar þar sem hún sker 62° norðurbreiddar og að strönd Skotlands og í Ermarsundi 1° vesturlengdar og að austan af línu, sem dregin er frá Skagen að Pater Noster vita.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. að ofan má síld vera 10% af þunga þess afla, sem landað er hverju sinni.

7. gr.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, en samningur þessi hefur öðlazzt gildi, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. marz 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Dórður Ásgeirsson.